

Frá: Stefán Björnsson <stefanthb@gmail.com>

Sent: miðvikudagur, 16. nóvember 2022 15:45

Til: Helga Björk Laxdal <helga.laxdal@reykjavik.is>; Agnes Guðjónsdóttir <Agnes.Gudjonsdottir@reykjavik.is>

Efni: Fwd: Fyrirspurn af heimasíðu

Sæl Helga

Nú er einsýnt að verulegir annmarkar voru á meðferð hjá velferðarsviði Reykjavíkur þegar ákvörðun var tekin um að staðsetja fimm smáhýsi fyrir heimilislaust fólk með fíkní- eða geðvanda á lóðinni við hliðina á Fjölskyldu og húsdýragarðinum og í hjarta íþróttaiðkunar barna í Reykjavík. Velferðarsviðið útbjó aldrei mat á því hvernig slík ákvörðun hefur áhrif á börn og það gerði USK svið ekki heldur.

Það liggur því fyrir að Borgarráð gerðist sekt um að brjóta 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með ákvörðun sinni þann 7. október 2021. En eftir ákvörðun Borgarráðs þá sendi umboðsmaður barna erindi til skrifstofu borgarstjóra þann 28. Október 2021, með þeim tilmælum að „þegar teknar eru ákvarðanir sem geta haft áhrif á börn, eins og til dæmis í skipulagsmálum, þá verði að fara fram mat á áhrifum á börn til að ákvarðanirnar samræmist 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.“

Velferðarsvið Reykjavíkur svaraði aldrei umboðsmanni barna en með aðstoð umboðsmanns borgara fékkst sú skýring frá þeim að erindið hafi verið stílað á skrifstofu borgarstjóra en ekki á þá. Úr tölvupósti sem undirritaður fékk frá starfsmanni umboðsmanns barna kemur eftirfarandi fram:

„Bréfið sendi umboðsmaður barna til skrifstofu borgarstjóra þann 28. Október [2021]. Svar barst frá Reykjavíkurborg degi síðar þess efnis að erindinu hafi verið komið á framfæri til viðeigandi aðila. Önnur svör hafa ekki borist embættinu en okkur er kunnugt um að Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hafi fengið erindið til afgreiðslu.“

Það að svara ekki erindi umboðsmanns barna í meira en ár og hunsa allar ábendingar bæði íbúa og íþróttafélaga sem hafa áhyggjur af öryggi barna vegna ákvörðunarinnar er auðveldlega hægt að túlka sem einbeittan ásetning að brjóta gegn hagsmunum barna.

Þar sem umboðsmaður borgara staðfesti að fulltrúar Borgarráðs beri ábyrgð á ákvörðununni, þá legg ég til að Borgarráð afli sér lögfræðialits á því hvort Borgarráðsmenn hafi skapað sér refsíábyrgð ef svo hræðilega vill til að íbúi smáhýsanna brjóti á barni á einhvern hátt í framtíðinni.

Ég fer fram á að Borgarráð taki ákvörðun sína þann 7. október 2021 til baka. Ef enn er hugur hjá Borgarráðsmönnum að fara í framkvæmdirnar ættu þeir að hlýða fyrirmælum sem komu fram í erindi umboðsmanns barna þann 28. október 2021 og framkvæma mat á áhrifum barna vegna þeirra áður en upplýst ákvörðun er tekin.

Kveðja

Stefán Björnsson

Kt.

Sími 825-2521